

Mánudaginn 29. apríl 1996.

Nr. 270/1995.

**Lífeyrissjóður starfsmanna
Áburðarverksmiðju ríkisins**

(Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

Lífeyrissjóði lækna

(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Umboð. Veð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1995, þar sem staðfest er frumvarp sýslumannsins í Reykjavík frá 3. mars 1995 til úthlutunar á söluverði íbúðar að Berjarima 24 í Reykjavík. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir sýslumann að breyta áðurgreindu frumvarpi á þann veg, að krafa hans til úthlutunar gangi framár kröfu varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, deila málsaðilar um, hvort Þorsteinn V. Þórðarson, umsjónarmaður sóknaraðila, hafi haft heimild til að veita Þorláki Ómari Einarssyni umboð 23. mars 1994 til að gefa út veðleyfi, sem dagsett var 10. mars 1994, vegna veðskuldabréfs varnaraðila, út gefins þann dag, þannig, að það gengi framár veðskuldabréfi sóknaraðila, út gefnu 24. september 1993.

Með dómi Hæstaréttar 2. apríl sl. í málinu nr. 23/1996 var Þorsteinn sakfelldur fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa á tímabilinu apríl 1993 til september 1994 í

störfum sínum sem umsjónarmaður með reikningshaldi og fjármunum sóknaraðila misnotað aðstöðu sína í þágu meðákærða Þorláks og þeirra aðila, sem hann sá um skuldabréfasölu fyrir. Meðal annars var Þorsteinn sakfelldur fyrir að hafa veitt Þorláki fyrrgreint umboð 23. mars 1994. Einnig var Þorsteinn dæmdur sekur um brot á 247. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa dregið sér fé árið 1993. Refsimálið var einnig höfðað gegn nefndum Þorláki og var hann sakfelldur fyrir brot gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði og laga nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti.

Meðan mál þetta var rekið fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, var frestað því máli, sem hér er til úrlausnar, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Í kæru sóknaraðila er því haldið fram, að heimild Þorsteins hafi einvörðungu stuðst við stjórnarsamþykkt sóknaraðila 26. janúar 1978. Sú heimild hafi verið bundin því skilyrði, að hann hefði samráð við löggiltan endurskoðanda sóknaraðila um tilhögun þessara veðleyfa. Þessum áskilnaði hafi ekki verið fullnægt um fyrrgreint veðleyfi. Starf umsjónarmannsins hafi hvorki verið skilgreint í reglugerð sóknaraðila né sérstakur samningur gerður um starf hans. Hann hafi því ekki haft stöðuumboð samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna. Verði á hinn bóginn talið, að umsjónarmaðurinn hafi haft stöðuumboð, hafi það verið bundið við hann sjálfan í störfum fyrir sóknaraðila og því verið óframseljanlegt. Þá telur sóknaraðili, að varnaraðila hafi sem sérfróðum aðila borið að gera frekari könnun á veðskuldabréfi sínu, er hafi um margt verið tortryggilegt.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, hafði Þorsteinn umsjón með fjármálum sóknaraðila í um 20 ár samhliða aðalstarfi sínu sem sölustjóri hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og síðar Áburðarverksmiðjunni hf. Vegna ráðstafana umsjónarmannsins í trúnaðarstörfum sínum hjá sóknaraðila var hann í fyrrgreindum dómi meðal annars sakfelldur fyrir umboðssvik. Að þessu virtu verður fallist á það með héraðsdómara, að umsjónarmaðurinn hafi gagnvart þriðja manni haft umboð til ráðstöfunar eins og þeirrar að gefa út umrætt

veðleyfi. Gagnvart varnaraðila skiptir ekki máli, þótt umsjónarmaðurinn færi út fyrir heimild, sem hann hafði frá sóknaraðila, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að varnaraðili hafi verið grandsamur um takmörkun á umboði Þorsteins. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, greiði varnaraðila, Lífeyrissjóði lækna, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1995.

I.

Máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 14. júní sl., var skotið til héraðsdóms með bréfi, dags. 12. apríl 1995.

Sóknaraðili er Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, kt. 680569-0109, Gufunesi við Vesturlandsveg.

Varnaraðili er Lífeyrissjóður lækna, kt. 430269-5779, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 3. mars 1995, um úthlutun á uppboðsandvirði fasteignarinnar Berjarima 24, Reykjavík, verði breytt þannig, að krafa sóknaraðila í uppboðsandvirðið komi á undan kröfu varnaraðila í veðröð.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að við bættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Varnaraðili krefst þess, að frumvarpið verði látið standa óbreytt. Einnig krefst hann málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

II.

Hinn 20. desember 1994 var íbúð merkt 0102 að Berjarima nr. 24, Reykjavík, seld nauðungarsölu, og nam söluverðmæti hennar 3.800.000 kr.

Sóknaraðili lýsti kröfu í uppboðsandvirði eignarinnar, samtals að fjárhæð 8.033.148 kr., og taldi þá kröfu hvíla á 2. veðrétti skv. efni skuldabréfs, sem hann er eigandi að.

Af hálfu varnaraðila var lýst kröfu í söluandvirðið, að fjárhæð 2.317.056 kr., og við það miðað, að krafa hans væri einnig tryggð með 2. veðrétti í eigninni.

Í frumvarpi að úthlutun uppboðsandvirðis eignarinnar, dags. 3. mars 1995, var miðað við greiðslu sölulauna auk úthlutunar til tveggja veðhafa, samtals 2.330.719 kr. Því næst var gert ráð fyrir því, að varnaraðila yrði úthlutað 1.469.281 krónu, en ekkert greiddist upp í kröfu sóknaraðila samkvæmt frumvarpinu.

Sóknaraðili mótmælti frumvarpinu og krafðist þess, að fjárhæð þeirri, sem gekk til varnaraðila, yrði úthlutað sér. Við fyrirtöku 31. mars sl. ákvað sýslumaður, að frumvarpið skyldi standa óbreytt. Ekki er ágreiningur um fjárhæðir krafna aðila.

Krafa sóknaraðila er samkvæmt veðskuldabréfi að höfuðstól 7.000.000 kr., út gefnu af Húsverki hf. 24. september 1993. Veðskuldabréf þetta var upphaflega tryggt með 18. veðrétti og uppfærslurétti í húsum nr. 20, 22, 24, 26 og 28 við Berjarima.

Í veðleyfi, sem gefið var út fyrir hönd sóknaraðila 10. mars 1994, segir um íbúð 0102 að Berjarima 24 í lið 10, að skuldabréf sóknaraðila skuli hvíla „næst á eftir 1. veðréttarskuld samkvæmt þremur veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð 500.000 kr., verðtryggð, út gefnum 17. júlí 1992, og 2. veðréttarskuld við Húsverk hf. samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 10. mars 1994, að fjárhæð 2.000.000 kr., verðtryggt.“

Krafa varnaraðila er samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu af Rim hf. til Húsverks hf. 10. mars 1994, að höfuðstól 2.000.000 kr. Bréfið hvílir skv. efni sínu á 2. veðrétti eignarinnar næst á eftir þremur skuldabréfum, hverju að höfuðstól 500.000 kr., er hvíla samhliða á 1. veðrétti. Bréfið var afhent til þinglýsingar 16. mars 1994 og fært í þinglýsingabók 4. júlí s. á.

Ágreiningur aðila er um gildi áðurnefnds veðleyfis, er Þorlákur Einarsson gaf út 10. mars 1994, til að skuldabréf varnaraðila gengi frammar skuldabréfi sóknaraðila í veðröð íbúðarinnar nr. 24 við Berjarima. Til útgáfu þessa veðleyfis hafði Þorlákur umboð, út gefið af Þorsteini V. Þórðarsyni f. h. sóknaraðila. Þorsteinn V. Þórðarson var á þessum tíma starfsmaður Áburðarverksmiðju ríkisins og umsjónarmaður sóknaraðila.

Af hálfu sóknaraðila er því fram haldið, að útgáfa skuldabréfs varnaraðila hafi verið liður í háttsemi, er lotið hafi að því að hafa fé af sóknaraðila með skipulegum hætti. Mál þetta sé nú til rannsóknar og meðferðar hjá ríkissaksóknara, og séu ætluð brot fyrrum umsjónarmanns sjóðsins, Þorsteins V. Þórðarsonar, og Þorláks Einarssonar til rannsóknar.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa veitt umsjónarmanni sínum umboð til að gefa út umdeilt veðleyfi, og heimild til þess hafi ekki heldur falist í stöðu-umboði hans. Því síður hafi hann haft heimild til að veita Þorláki Einarssyni umboð til þess að gefa út veðleyfi. Þorsteinn V. Þórðarson hafi hins

vegar árið 1993 og fram í september 1994 keypt mikið af veðskuldabréfum þvert á þær reglur, sem um kaup á slíkum bréfum gilda skv. reglugerð um sjóðinn, og án þess að hafa haft til þess heimild stjórnar sóknaraðila. Vegna þessara viðskipta muni sóknaraðili bíða mikið tjón. Aðalstarf Þorsteins V. Þórðarsonar hafi verið sölustjórn hjá Áburðarverksmiðju ríkisins og síðar Áburðarverksmiðjunni hf., en einnig hafi hann haft umsjón með sóknaraðila í u. þ. b. 20 ár. Hluti af þeim skuldabréfakaupum, sem umsjónarmaðurinn stóð í, tengdust framkvæmdum við fasteignina Berjarima nr. 20–28, Reykjavík, en alls hafi hann keypt án heimildar bréf að höfuðstól u. þ. b. 35.000.000 kr., tryggt með veði í eignum þessum.

Á veðbókarvottorði, sem hafi verið hluti uppboðsgagna, hafi uppboðsheimild sóknaraðila verið talin hvíla á 2. veðrétti. Á uppboðsstað hafi hins vegar komið fram krafa frá varnaraðila um viðurkenningu þess, að skuldabréf hans hvíldi einnig á 2. veðrétti, þrátt fyrir það að það skuldabréf hafi verið gefið út u. þ. b. ári síðar en skuldabréf sóknaraðila. Uppboðinu hafi verið frestað í nokkra daga, til að ganga mætti úr skugga um veðröð. Niðurstaðan hafi orðið sú að telja gilt veðleyfi hafa legið fyrir frá sóknaraðila. Það veðleyfi hafi verið samið af Grétari Haraldssyni hrl., út gefið af Þorláki Einarssyni á grundvelli umboðs frá áðurgreindum umsjónarmanni sóknaraðila. Umboðið hafi verið gefið út 23. mars 1994, en því hafi ekki verið þinglýst. Telur sóknaraðili sig ekki bundinn við umboð þetta og því síður við veðleyfið. Því skuli skuldabréf varnaraðila koma aftar skuldabréfi sóknaraðila í veðröð.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa sérfræðiþekkingu á skuldabréfakaupum og að skuldabréf það, sem ágreiningurinn snýst um, hafi átt að vera sérfræðingi tortryggilegt. Útgefandi og upphaflegur kröfuhafi að skuldabréfinu séu náskyld félög, og bréfið sé ekki áritað um innfærslu í þinglýsingabók fyrr en tæpum fjórum mánuðum eftir útgáfu þess og þá eftir frávisun frá þinglýsingu. Loks sé framsal til varnaraðila ódagsett. Telur sóknaraðili, að kaup á bréfinu hljóti að stangast á við heimildir til slíkra kaupa í reglugerð varnaraðila vegna vafasamrar tryggingar.

Þá telur sóknaraðili, að sýslumanninum í Reykjavík hafi ekki verið heimilt að breyta veðröð hinnar seldu eignar, svo sem hann hafi gert 20. desember 1994.

Sóknaraðili vísar til reglna um umboð í samningalögum nr. 7/1936, þinglýsingalaga nr. 39/1978 og meginreglunnar um forgangsáhrif.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess, að vörslumaður skuldabréfs sóknaraðila, Sparisjóður vélstjóra, hafi fært athugasemd um veðleyfið vegna bréfs varnaraðila inn á skuldabréfið. Með því hafi verið fullnægt

þeim áskilnaði, að athugasemd um slík veðleyfi séu skráð á frumrit bréfa, til að veð hans gengi framár rétti sóknaraðila. Þá hafi verið óþarft að þinglýsa umboði umsjónarmanns sóknaraðila. Veðleyfið sé því gilt gagnvart þriðja aðila. Því séu engin rök til að vefengja frumvarp til úthlutunar uppboðsandvirðisins.

Þá segir varnaraðili, að hugleiðingar sóknaraðila um umsjónarmann sinn séu innanhússmál. Vörslumaður skuldabréfs sóknaraðila hafi farið eftir þeim fyrirmælum, er honum hafi verið gefin, og verði það ekki rengt síðar.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu, að Þorsteinn V. Þórðarson, umsjónarmaður sóknaraðila, veitti Þorláki Einarssyni fullt umboð til að undirrita veðleyfi, dags. 10. mars 1994, vegna tveggja veðskuldabréfa, þ. m. t. veðskuldabréfs sóknaraðila. Á grundvelli veðleyfisins áritaði vörslumaður veðskuldabréfs sóknaraðila, Sparisjóður vélstjóra, veðleyfið á frumrit þess. Veðleyfi þetta telst því gilt, enda hafði Þorsteinn V. Þórðarson formlegt umboð á þeim tíma til að veita það, þrátt fyrir það að nú sé því haldið fram, að hann hafi ekki farið eftir þeim starfsreglum, er honum höfðu verið settar. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar í máli þessu, að sóknaraðili sé bundinn af veðleyfinu, sem veitt var, til að veðréttur samkvæmt skuldabréfi varnaraðila gengi framár rétti sóknaraðila. Veðleyfi þetta lá fyrir við þinglýsingu veðskuldabréfs varnaraðila og var grundvöllur þess, að þinglýsa mætti því á 2. veðrétt eignarinnar.

Úthlutun sýslumannsins í Reykjavík 3. mars 1995 á uppboðsandvirði fasteignarinnar nr. 24 við Berjaríma, Reykjavík, byggðist á því, að réttur varnaraðila gengi framár rétti sóknaraðila í veðröð á grundvelli ofangreinds veðleyfis. Ber því að staðfesta úthlutunina.

Málskostnaður ákveðst 80.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, í máli þessu er hafnað.

Staðfest er frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Berjaríma nr. 24, 1. hæð, Reykjavík, dags. 3. mars 1995.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Lífeyrissjóði lækna, 80.000 kr. í málskostnað.